

7. Fræðslu- og forvarnastarf

a) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnamálum

Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- áfengissala í tengslum við íþróttakeppni
- áfengisneysla í lokahófum
- reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum
- áfengisauglýsingar á eða við velli

Afreksfólk er fyrirmynd og þarf að haga sér í samræmi við það. Spurningar um siðferði, landslög, skynsemi, gott fordæmi o.fl. vakna.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir.

Íþróttafélög/deildir setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnamálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félag og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

Þá eru fleiri þættir sem þarf að hafa í huga og má þar nefna fræðslu vegna eineltis, þátttöku nýbúa, mataræði og aðra þá þætti sem viðkoma heilsu iðkenda og aðgengi þeirra að íþróttahreyfingunni og hreyfingu almennt.

Einelti og kynferðislegt ofbeldi

Félag/deild þarf að eiga sér stefnu og viðbragðsáætlun hvað varðar annars vegar einelti og hins vegar kynferðislegt ofbeldi. Umfjöllun um hvorttveggja má finna á isi.is auk þess sem þar er bent á fagaðila til frekari upplýsinga.

ÍSí gefur út fræðsluefni um þessi málefni og eru félög og deildir hvött til að nýta sér það við fræðslu iðkenda sinna. Hægt er að fá efnið endurgjaldslaust hjá ÍSí.

Áður en lengra er haldið er rétt að lesa yfir samþykka stefnuyfirlýsingu ÍSí í forvarnamálum.

STEFNUYFIRLÝSING UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttta og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- hvetja íþróttta- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaðagegn neyslu á áfengi, tóbaki og fíkniefnum
- móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum
- gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklus

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

*hvetja íþróttta- og ungmennafélög til þess vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttta meðal barna og unglunga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga

*nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfanvalkost til skemmtunar fyrir unglunga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina, halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun en keppni og afrek

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

*gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessimálefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum • fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir

þjálfa um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum

*hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málögnum sínum og ritum

Samþykkt á Íþróttabingi 2. nóvember 1997

Fræðslu- og forvarnastarf

Hver er staðan í dag?

- Hvað gerum við vel?
- Hvað getum við gert betur?

Hver er óskastaðan?

- Hvernig viljum við sjá fræðslu- og forvarnamálum háttað innan félagsins?

Hvað getum við gert til að komast nær óskamarkmiðunum?

- Hvernig framkvæmum við?
- Hver ber ábyrgð? (nafn:)
- Hvenær á að framkvæma?
- Hvenær á framkvæmd að vera lokið?
- Hver hefur eftirlit með framkvæmdinni? (nafn:)

Sjá einnig í sýnishandbók ÍSÍ